

Fjórði fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 10. apríl 2025, klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Skipulagsmál

Fundargerð 47. fundar Skipulags- og byggingarnefndar lögð fram til staðfestingar.

Fundargerðin er staðfest af sveitarstjórn.

Umsögn um ferðapjónustu og frístundabyggð á Laxárbakka í Eyja- og Miklaholtshreppi, vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu frá Skipulags- og byggingarnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps lögð fram til kynningar.

2. Ferðapjónusta á Laxárbakka, umsagnarbeiðni

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn sveitarfélagsins vegna áætlana um ferðapjónustu og frístundabyggð á Laxárbakka í Eyja- og Miklaholtshreppi vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu, í samræmi við 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Sveitarstjórn samþykkir samröma að umsögn Skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og gerir hana að sinni.

3. Heilsuefning eldri borgara

Drög að reglum varðandi heilsuefningu eldri borgara og öryrkja voru lagðar fram.

Reglurnar eru samþykktar samhljóða.

4. Landbúnaðarplast

Oddviti kynnti stöðu á vinnu varðandi landbúnaðarplast og þeim kostum sem að verið er að horfa til.

Samþykkt er að fela oddvita að vinna málið áfram og leggja fyrir að nýju þegar frekari gögn liggja fyrir.

5. Fundargerð 972. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:15.

Herdís Þórðardóttir – sign

Þröstur Aðalbjarnarson – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Sigurbjörg Ottesen – sign